

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum á Rífsbanka.

1. gr.

Frá og með 1. júní 2004 eru allar rækjuveiðar óheimilar á Rífsbanka, á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67° 15'00 N - 16° 56'00 V
2. 67° 15'00 N - 16° 40'00 V
3. 67° 11'00 N - 16° 40'00 V
4. 67° 10'00 N - 16° 15'00 V
5. 67° 06'00 N - 16° 15'00 V
6. 67° 06'00 N - 16° 56'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. maí 2004.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.